

BORGARRÁÐ 7. janúar 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað vegna átaksverkefnisins Sumarborgin okkar 2020 - R20040179

Reykjavíkurborg lagði til 80 milljónir í verkefnið „Sumarborgin okkar“. Af þeirri upphæð fóru 30 milljónir til íbúaráðanna. 1. Óskað er eftir upplýsingum um hvernig þessu fjármagni var varið tæmandi talið – bæði úr borgarsjóði og íbúaráðunum. 2. Óskað er eftir að borgarráð fái yfirlit yfir þá 40 aðila sem fengu styrk að upphæð 10 milljónir úr viðburðarpotti „Sumarborgin 2020“. 3. Hvernig voru þeir aðilar valdir? 4. Óskað er eftir að borgarráð fái yfirlit yfir þá aðila sem fengu styrki í gegnum íbúaráðin og hvað hver aðili fékk háa upphæð.